



509. Stjórnarfundur haldinn 27. september 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adólfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK)

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ v haustfjarnám þjálfaramenntun 1. 2. og 3. stig ÍSÍ. **Móttekið og sent á deildir.**

Tölvupóstur frá UMFÍ umsókn um að halda 24. og 25. Unglingalandsmót UMFÍ 2021 og 2022. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Sólveigu Hörpu Helgadóttir ritara Hnefaleikafélags Reykjanesbæjar með að skoða að Hnefaleikafélagið yrði innan Keflavíkur. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ tillögur fyrir sambandsráðsfundi UMFÍ þurfa að berast fyrir 10. október. **Móttekið.**
Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar v/niðurstöðu á erindi Keflavíkur vegna nýs gervigrasvalla fyrir aftan Reykjaneshallar. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar v/niðurstöðu á erindi knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna kaupa á tímum í Sporthúsinu. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar v/niðurstöðu á erindi Keflavíkur vegna stöðugildis innan Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags. **Móttekið og framkvæmdastjóra falið að gera starfslýsingu.**

Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeild Keflavíkur vegna aðstoðar við að greiða tryggingargjald vegna húsaleigu. Umræður um málið. **Samþykkt að verða við erindinu og framkvæmdastjóra falið málið.**

Tölvupóstur frá Magnúsi Guðmundssyni og Sigurgeir Rúnari Jóhannssyni fyrir hönd Gullhjarta ehf um að taka á leigu Hringbraut 108. Umræður um málið. **Ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að heyrna í forsvarsmönnum Gullhjarta. KG, BI og BMB skipa nefndina.**

Tölvupóstur frá UMFÍ tilmæli persónuverndar. **Móttekið.**

3. Send bréf

Tvær umsóknir sendar inn í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir skyndihjálpar- og Nora námskeiðs.

4. Námskeið

Námskeið í skyndihjálpar og í Nora verður haldið í október og í nóvember fyrir þjálfara og stjórnarmenn.

5. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður á Ísafirði 20. október. Tillögur þurfa að berast UMFÍ fyrir 10. október.

6. Önnur mál

Búið er að endurnýja switch í tölvuskáp og setja upp þrjá nýja þráðlausa senda.

EH velti upp hugmynd með að fara í samstarf við Reykjanesbæ varðandi þvottavél og þurrkara fyrir deildir.

Framkvæmdastjóra falið að halda áfram með málið og kanna en frekar þessa hugmynd.

Knattspyrnudeild Keflavíkur bauð aðalstjórn og mökum á lokahóf knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Jólahlaðborð aðalstjórnar. **Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.**

EH mætti á blaðamannafund sem UMFÍ og ÍSÍ boðuðu til fimmtudaginn 27. september í Valsheimilinu í Reykjavík í tengslum við verkefnið, *Aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi*. EH tók á móti styrk sem taekwondodeild Keflavíkur hlaut. Aðalstjórn óskar taekwondodeildinni til hamingju með styrkinn.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa stuðningskort hjá körfunni.

Næsti fundur 11. október kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:00 Fundinn ritaði BS.

